

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurál Grundartanga Hvalfjörður



Dags eftirlits	18.6.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Norðurál Grundartanga	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5702972609	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðlaugur Bjarki Lúðvíksson	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sabrina Rosazza	Staðsetning	365596,685 431351,563

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar styrk loftkennds flúoríðs á loftgæðastöðinni Kríuvörðu.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með álveri Norðuráls á Grundartanga. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Staðan frá síðasta eftirliti, úrbætur fráviks
- Viðbragðsáætlanir
- Besta aðgengilega tækni
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Rekstraraðili fór yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og niðurstöður mælinga og vöktunar. Fram kom að úrbótum vegna tveggja fráviks er fram komu í eftirliti 6. desember sl. og varða löndun súrals og fitu í frárennsli væri lokið.

Farið var yfir niðurstöður loftgæðamælinga á loftgæðastöðinni Kríuvörðu en þar mældist styrkur loftkennds flúor 0,34 ug/m³ og heildarflúor reyndist 0,41 ug/m³. Umhverfismörk utan þynningarsvæðis eru 0,3 ug/m³ og mörk heildarflúors 0,4 ug/m³. Flúor mældist því yfir starfsleyfismörkum. Fram kom í eftirliti að rekstraraðili hefði greint frávik, innleitt breytingar á verklagi og aukði eftirlit með losun til að lágmarka flúrolosun frá álverinu.

Rætt var um viðbragðsáætlanir rekstraraðila og þá sérstaklega um viðbragðsáætlanir vegna rekstrarstöðvunar hreinsivirkja. Fram kom að rekstraraðili væri með viðbragðsáætlanir vegna rekstrarstöðvunar og bráðamengunar hafs og stranda. Rætt var um viðbragðsáætlun rekstraraðila ef kæmi t.d. til langvarandi stöðvunar hreinsivirkja.

Rætt var um niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni og óskaði Umhverfisstofnun eftir skýrslu frá rekstraraðila um hvernig starfsemi uppfyllir kröfur um bestu aðgengilegu tækni.

Rekstraraðili kynnti starfsemi nýs steypuskála, þ.m.t. vöktun vegna hans og íblöndunarefni í kælivatn. Farið var í skoðunarferð um steypuskála að loknum fundi.

Frávik frá

Lýsing á frávik

1. mgr. 40. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gr. 1.10 í starfsleyfi

Umhverfismörk utan þynningarsvæðis flúors eru 0,3 ug/m³ reiknað sem meðaltal á tímabilinu 1. apríl – 30. sept, mörk fyrir heildarflúor 0,4 ug/m³ á sama tímabili. Árið 2023 mældist styrkur loftkennds flúors á Kríuvörðu 0,34 ug/mg og heildarflúor reyndist 0,41 ug/m³, hvortveggja yfir starfsleyfismörkum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 30.07.2024

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir

